

Nd.

481. Nefndarátt

um frv. til laga um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Það var upphaflega svo ráð fyrir gert, að ef samþykkt yrðu skattafrumvörp þau, sem stjórnin lagði fyrir þingið, þá skyldu afnumin öll útflutningsgjöld af útfluttum vörum, öðrum en síld, fódurmjöli og fódurkökum, bæði útflutningsgjaldið gamla og stimpilgjaldið samkv. stimpilgjaldslögunum frá 1918, sem falla sjálfkrafa úr gildi um næstu áramót. Fjárhagsnefndin fellst fullkomlega á það, að hjer sje rjett stefna upp tekin, að því leyti sem stefnt er að afnámi allra útflutningsgjalda, og á það ekki sist við nú, eftir því sem við horfir um sölu afurðanna erlendis. En á hinn bóginn varð nefndinni það brátt ljóst, að þörfum ríkissjóðsins mundi hvergi nærri borgið, ef þannig yrði farið að. Annars vegar augljóst, að útgjöldin mundi verða nokkru hærri en ráðgert var, og hins vegar tekjur af tekjuaukafrumvörpunum rýrari en til var ætlast. Þess vegna var því snemma hreyft innan nefndarinnar, að tæplega mundi fært að ljetta af öllum útflutningsgjöldum að svo komnu, og að varlegra mundi þá að framlengja gildandi stimpilgjaldslög óbreytt um eitt ár, og halda þannig stimpilgjaldinu af útfluttum vörum, en leggja þá að sinni til hliðar stimpilgjaldsfrv. það, sem stjórnin lagði fyrir þingið. Að vísu er stimpilskyldan miklu viðtækari samkv. því frv. en samkv. gildandi lögum, en nefndin hyggur, að þess mundi ekki gæta svo mjög á tekjunum fyrst í stað, og vitanlega mundi það ekki komast neitt í námunda við það, sem tapaðist við að fella niður stimpilgjaldið af farmskírteinum um útfluttar vörur, ef ekkert ætti að koma í þess stað.

Af þessum ástæðum var það sama sem afráðið í nefndinni að leggja það til, að við það væri látið sitja að þessu sinni að framlengja stimpilgjaldslögin frá 1918. Því var líka hreytt, að með því að þau lög hefðu aðeins verið sett til bráðabirgða, og stimpilgjaldið væri misjafnlega þokkað af almenningi, þá væri þegar af þeirri ástæðu varhugavert að lögleiða gjald þetta til frambúðar að svo stöddu. En þegar hjer var komið, fór fjármálaráðherra þess á leit við nefndina, að hún tæki að sjer til flutnings nýtt frv. um bráðabirgðaútflutningsgjald (verðgjald) af útfluttum vörum, er koma skyldi í stað stimpilgjaldsins af farmskírteinum, og lagði hann mikla áherslu á það, að jafnframt yrði þá stimpilgjaldsfrv. stjórnarinnar líka látið ganga fram. Fullyrðir hann, að stimpilgjaldið hafi gefist vel, það sem af er, að því fari sjarri, að það sje óvinsælt af gjaldendum alment, en hins vegar gerir hann sjer vonir um stórum auknar tekjur af gjaldinu, ef

stimpilskyldan yrði gerð eins viðtæk og farið er fram á í stjórnarfrumvarpinu. En þó að nefndin hefði fyrir sitt leyti felt sig betur við að framlengja gömlu stimpilgjaldslögin heldur en að lögleiða nú nýtt útflutningsgjald, þó að aðeins til bráðabirgða sje, þá vildi hún ekki gera það að kappsmáli. Nefndin er líka þeirrar skoðunar, að rjett sje að fara að dæmi annara þjóða í því að lögleiða stimpilgjald hjer á landi til frambúðar, og getur því ekki lagst á móti því, að það verði gert nú þegar.

Nefndin hefir nú athugað frumvarpið svo vandlega sem fõng voru á, og í samráði við fjármálaráðherra leggur hún til, að á því verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 15. gr.
Aftan af 2. málsgrein falli »þó eigi 5 kr.«
2. Við 17. gr.
 - a. Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsg., svo hljóðandi:
Þegar fasteign er afsöluð hlutafjelagi greiðist gjald þetta tvöfalt.
 - b. Aftan við greinina bætist:
enda sje slíkt skjal eigi áður útgefið og stimplað.
3. Við 18. gr.
Á eftir »eignina í brjefinu« komi:
Þó aldrei minna en eignin er metin til skatts, sje um fasteign að ræða.
4. Við 39. gr.
Greinin falli burt.
5. Við 41. gr.
Greinin falli burt.
6. Við 42. gr.
Greinin falli burt.
7. Við 44. gr.
Aftan við greinina komi:
Heimilt er ráðherra að gefa snauðum mönnum eftir gjald það, er um ræðir undir staflíð n. og o.

Alþingi, 2. maí 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Jakob Möller,
framsögum.

Þórarinn Jónsson.

Sveinn Ólafsson.

Hákon J. Kristófersson.

Þorl. Guðmundsson.